

REGLUGERÐ KSÍ um landsliðs – og heiðursviðurkenningar

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands veitir viðurkenningar til landsliðsmanna og þeirra sem unnið hafa að framgangi knattspyrnuþróttarinnar skv. eftirfarandi:

1. gr.

Viðurkenningar til landsliðsmanna

Nýliðamerkið

Nýliðamerkið á hvítum grunni með rauðum stöfum skal sæma þá leikmenn, sem leika í fyrsta sinn með landsliði Íslands í milliríkjaleikjum, þó ekki A-landsliði.

Landsliðsmerkið

Landsliðsmerkið á gylltum grunni með bláum bókstöfum skal sæma þá leikmenn sem leika í fyrsta sinn í A-landsliði Íslands í milliríkjaleikjum.

Áletrað úr fyrir 25 landsleiki

Áletrað úr skal veita í viðurkenningaskyni þeim knattspyrnumönnum sem náð hafa að leika 25 A-landsleiki,

Knattspyrnustytta KSÍ fyrir 50 landsleiki

Knattspyrnustytta skal veita í viðurkenningaskyni þeim knattspyrnumönnum sem náð hafa að leika 50 A-landsleiki,

Heiðursviðurkenning fyrir 100 landsleiki

Sérhannað listaverk skal veita í viðurkenningaskyni þeim knattspyrnumönnum sem náð hafa að leika 100 A-landsleiki.

2. gr.

Viðurkenningar fyrir störf innan knattspyrnuhreyfingarinnar

Sambandsmerkið

Sambandsmerkið á hvítum grunni með bláum bókstöfum skal sæma þá menn sem leika gegn íslenska landsliðinu í milliríkjaleikjum, erlenda knattspyrnuleiðtoga, einnig íslenska menn, sem unnið hafa að vexti og viðgangi knattspyrnuþróttarinnar.

Heiðursmerki úr silfri

Heiðursmerki þetta veitist þeim sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu knattspyrnuþróttarinnar í áratug eða lengur.

Heiðursmerki úr gulli

Heiðursmerki þetta veitist aðeins þeim mönnum, sem unnið hafa knattspyrnuþróttinni langvarandi og þýðingarmikil störf.

Heiðurskross úr gulli í borða með íslensku fánalitunum

Heiðurskross þessi, sem er æðsta heiðursmerki KSÍ, veitist aðeins undir alveg sérstökum kringumstæðum þeim mönnum, sem unnið hafa knattspyrnuþróttinni ómetanlegt gagn. Heiðurskrossi skal einnig fylgja sérstakt heiðurskjal.

Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar Knattspyrnusambands Íslands, skulu einir hafa rétt til þess að bera þær og er þeim ekki heimilt að láta þær af hendi.

3.gr.
Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð KSÍ um veitingu heiðursmerkja.

Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007.